Mikið verk um mikinn mann

■ **Indriði G. Þorsteinsson**
Jóhannes Sveinsson Kjarval, ævisaga, I–II.
Almenna bókafélagið, 1985

Þegar einn hæfasti rithöfundur þjóðarinnar leggur til atlögu við mesta listmálara sem hún hefur átt, þá fer ekki hjá því að menn bíði árangursins spenntir. Jóhannes Sveinsson Kjarval var afburðamálari sem kenndi þjóð sinni að skoða landið í allt öðru ljósi en hún hafði nokkru sinni gert áður. Hann gegndi í raun-inni ekki ólíku hlutverki og Jónas Hallgrímsson rúmri öld áður. Indriði G. Þorsteinsson sló í gegn fyrir mörgum árum með smásögunni Blástör og skrifaði síðan fimm skáldsögur, hverja annarri betri. Þar að auki hefur hann náð að halda þjóðinni í heljargreipum ýmist reiði eða ómengaðrar aðdáunar vegna hárbeittra blaðaskrifa sinna, sem engum getur blandast hugur um að eru oft snilldarlega gerð, og eiga kannski meginstyrk sinn í því að menn eru höfundinum oft einlæglega ósammála en lesa hann samt. Þess vegna er það að þegar Indriði sendir nú frá sér tveggja binda verk, um sex hundruð blaðsíður, þá getur ekki hjá því farið að menn líti upp, sperri eyrun og að þá forvitni að vita um úrslit glímunnar við myndlistarjöfurinn.

Og hver er svo árangurinn? Í stuttu máli sagt góður. Svo ég reyni að skilgreina verkið – eyrnamerkja það – þá er það að stórum hluta af þeirri ætt sem í bókmenntafræðinni er oft kennt við dókúmentasjón, beina heimildanotkun. Indriði notar hér þá aðferð að hann setur fram breiða frásögn sem flýtur fram átakalítið, og hann gerir mikið af því að taka beinar tilvitnanir upp og láta þær sjálfar tala. Fyrir vikið verður bókin svo löng sem raun ber vitni. Um þetta efni fer hann þó fimum listamannshöndum svo að frásögnin verður hvergi óhóflega langdregin né þreytandi. Hann kann vel þá list að velja heimildir í þessu skyni, þannig að yfirleitt tala þær skýru máli – segja sögu – og verða að lifandi og samfelldri frásögn í höndum hans.

Þetta er raunar þveröfugt við þá frásagnaraðferð sem Indriði er hvað kunnastur fyrir, og fyrir þá sök fróðlegt til skoðunar. Hann hefur til þessa verið mest kenndur við samanþjappaðan, harðsoðinn og stuttorðan stíl, en hér er aðferðin ný og allt önnur. Frásögnin er yfirtaksmikil og óniðurskorin. Hins vegar fann ég ekki annað en þetta tækist vel, og sjálfur las ég allt verkið í gegn án þess að finna til annars en sögumátinn héldi mér vel við efnið og bráðspenntum allan tímann.

Efnið er líka áhugavert. Það þarf víst engan að fræða á því að maðurinn Jóhannes Sveinsson Kjarval var engum líkur. Í þessari bók er honum lýst af natni, samúð og nærfærni. Mannlegir drættir hans, landsfrægur húmor, líka velvilji hans og hjálpsemi, og sömuleiðis undansláttarlaus kröfuharka fyrir hönd listarinnar, koma allir vel fram. Í bókarlok stöndum við uppi með heilsteypta mynd af mikilmenni sem alls staðar sópaði að og skildi eftir sig spor hvar sem hann bar að garði.

Og þetta er í stuttu máli sagt meginviðfangsefni bókarinnar. Þetta er ævisaga mannsins Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals, lýsing hans og krufning á mikilfenglegum persónuleika hans. Má líka segja að ærið sé efnið, enda í marga matarholuna að leita. Ég kann ekki að vega og meta heimildameðferð höfundar, enda ekki kunnugri sögu Kjarvals en gerist og gengur. Hins vegar rak ég mig ekki á annað en að þar væri vel að staðið, og öll frásagnaraðferð bókarinnar er traustvekjandi. Trúlega má þó lengi bæta við einstökum sögum og frásögnum, enda ekki við öðru að búast um mann sem kom jafn víða við í tíma og rúmi og Kjarval.

Annað er þó óhjákvæmilegt að gagnrýna í þessu sambandi. Heimildaskrá er engin í bókinni, og er það slæmur skortur á fræðilegri nákvæmni. Frá verki eins og þessu þarf að vera gengið á þann hátt að hægt sé að ganga rakleiðis að minnsta kosti að prentuðum heimildum þess á söfnum. Þótt oftast sé hægt að átta sig á því hvar bækur og blaðagreinar, sem notaðar eru, sé að finna, vantar tilvísanir sem gera slíkt mögulegt. Fyrir þá, sem eiga eftir að nota þetta verk við frekari skrif um Kjarval, veldur þetta því að slíkt getur orðið tafsamt. Þetta hefðu hlutaðeigendur þurft að sjá fyrir og bæta úr í tæka tíð.

Á hinn bóginn er það skýrt einkenni á bókinni allri að hún snýst nánast ekki um listaverk Kjarvals. Þar er lítið sem ekki fjallað um þróun hans á listabrautinni, feril hans sem málara eða þær breytingar sem væntanlega hafa orðið á viðfangsefnum hans eða afstöðu til fyrirmynda sinna. Verkið allt takmarkast við manninn en víkur í raun sáralítið að viðfangsefnum hans í myndlistinni. Sjálfsagt finnst ýmsum að þar liggi höfundur vel við höggum, og þó. Það er hverjum höfundi nauðsynlegt að marka svið sitt vel, og í þessu tilviki hefur Indriði valið sér ævisöguna. Er það vissulega ærið viðfangsefni að því er varðar mann sem átti jafn litríkan feril og Kjarval. Það kemur glöggt fram í bókinni að Kjarval var orðinn svo dáður meðal allra landsmanna á efri árum að við fáa aðra er að jafna. Um slíkan mann er full ástæða til að skrifa rækilega ævisögu. Það er engin hætta á öðru en hún falli í frjóan jarðveg.



■ **Indriði G. Þorsteinsson.**



■ **Jóhannes S. Kjarval.**



Hins vegar er að því að gæta að listasöguleg úttekt á Kjarval verður að teljast jafn nauðsynleg og þessi saga. Væntanlega verða margir til þess kallaðir að fást við það efni í framtíðinni. Málverk Kjarvals eru það mörg og margbreytileg að þar liggur trúlega enn þá að minnsta kosti jafnmikil saga óskrifuð og sú sem hér er rakin. Ég vona að þessi bók Indriða verði glöggum og vel ritfærum listfræðingum hvatning og örvun til að takast á við það verk. Þjóðin þarf svo sannarlega á því að halda að fá yfirlit um og krufningu á verkum þessa manns frá hendi sérfræðinga, sem geti orðið fólki til leiðbeiningar við að skilja verkin betur en ella og njóta þeirra.

Kímnisögurnar, sem ganga af Kjarval, eru víst fleiri en svo að í tölum verði talið, og margar frábærar. Sjálfum þótti mér einna mestur fengur í sögunni um það þegar Kjarval mætti í málaragallanum í afmælinu hjá Eggert Stefánssyni og hóf upp eintal við guð um afmælisbarnið. Hana hafði ég ekki heyrt áður, en fleiri eru þarna góðar. Annars er það sannast sagna að hér sem endranær fylgir öllu gamni nokkur alvara. Þegar þessar sögur eru saman komnar kemur það kannski betur í ljós en nokkru sinni endranær hvað Kjarval hefur átt auðvelt með að samsama létta og heilbrigða gamansemi og glettni við alvöru lífsins og harðar kröfur listarinnar. Slíkt er eitt af helstu einkennum mikilhæfra listamanna, sem þessar sögur sýna að Kjarval hefur átt í ríkum mæli.

Allir, sem til þekkja, vita líka að Kjarval fékkst við skáldskap, sem líklega hefur sjaldnast verið tekinn nema miðlungi hátíðlega. Þekktastur fyrir verk af því taginu hefur hann trúlega lengst verið meðal flestra fyrir skrýtnar og fáránlegar vísur sem oft var víst minna af merkingu eða boðskap í en ýmsu öðru. Sjálfur var ég ekki fyrir lestur bókarinnar mikið meira en lauslega kunnugur þessu, og þess vegna kom það mér þægilega á óvart að finna þarna töluvert af kveðskap eftir Kjarval sem er úr allt annarri átt. Hann hefur greinilega haft verulega mikla gáfu til ljóðagerðar og ræktað hana kannski meira en margir gera sér grein fyrir. Þarna er inni á milli að finna kveðskap sem myndi að mínu viti geta þótt býsna áhugaverður þótt einhver minni spámaður hefði þar staðið að verki. Eða hvað segja menn til dæmis um þetta.

Strangt er mál í stuðlafjöllum
straumur lífsins skapar öllum
mönnum störf og strit.
Störfin breyta lit, en listin
lifir þegar búin vistin
okkar er.

Sjálfum þykir mér þetta vel kveðið.

Þá er hjónabandssaga Kjarvals rakin hér allnákvæmlega, en sambúð hans og konu hans slitnaði eins og menn vita. Mig rekur minni til að áður hefur verið drepið smekklega á þetta á prenti, í niðurlagi Kjarvalskvers Matthíasar Johannessen. Hér er sagan þó mun fyllri, og ég tel ástæðu til að taka ofan fyrir Indriða fyrir það hve nærfærnislega hann fer þar höndum um. Þar sem endranær kemur ljóslega fram myndin af hinum hjálpsama og velviljaða og umhyggjusama manni, á bak við hrjúft yfirborð sem út var snúið.

Það leiðir af frásagnaraðferð Indriða í þessari bók að spennu gætir ekki mikið í frásögninni. Hún líður áfram líkt og af sjálfu sér, og það eru kannski fremur hin mörgu litlu atriði sem grípa lesandann heldur en heildarsöguþráðurinn. Þegar leið að bókarlokum þótti mér þó að þessi frásagnaraðferð ætti ekki lengur eins vel við og áður. Ellihrörnun Kjarvals og dauðastríð eru í raun hádramatísk viðfangsefni. Það er eiginlega átakanlegt að sjá það fyrir sér hvernig þessi stóri og sterki maður hrekst smám saman á undanhald fyrir Elli kerlingu. Staðreyndirnar varðandi þetta efni komast að vísu vel til skila í bókinni, en þó er ég þeirrar skoðunar að dálítið átakameiri frásagnaraðferð hefði getað farið betur þarna í lokin. Með öðrum orðum hefði mátt auka örlítið á frásangarhraðann og frásagnargleðina þegar þar var komið – hnykkja svolítið á í lokin – sem hefði gefið betri bók.

En allt um það kann ég naumast annað en hrósyrði að segja um þessa sögu Indriða G. Þorsteinssonar. Hann hefur gefið okkur frábærlega vel skrifaða og glögga mannlýsingu á mikilhæfum einstaklingi, og barmafulla af smellnum frásögnum í kaupbæti. Þetta er ævisaga fyrst og fremst, og hún verður örugglega góður grunnur fyrir þá sem vonandi eiga áður en of langt um líður eftir að kryfja málverk Kjarvals og túlka þau fyrir aðdáendur hans. Og þegar öllu er á botninn hvolft er víst í þeim hópi hvorki meira né minna en nánast öll íslenska þjóðin.

Eysteinn Sigurðsson.